

Sumarbústaðafélagið Norðurnes

Skýrsla stjórnar 2021-2022

Eins og fram kom í síðustu skýrslu stjórnar þá var Sumarbústaðafélagið Norðurnes stofnað þann 3. júní 1976 og er því að ljúka 45. starfsári sínu. Í félaginu eru í dag eru forsvarsmenn alls 86 lóða. Á svæði 1 eru 20 lóðir, á svæði 2 eru 30 lóðir og á svæði 3 eru 36 lóðir. Allar lóðir á svæði 3 hafa verið seldar og er Kjósarhreppur því ekki lengur meðlimur í félaginu.

Síðasti aðalfundur var haldinn 3. júní 2021. Á fundinn mættu 35 manns frá 25 lóðum en nokkrir fundarmenn voru með gild umboð til að fara með atkvæði fjarverandi félagsmanna. Eftir könnun fundarstjóra og athugun á lögmati umboða úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmatan. Samkvæmt samþykktum félagsins þurfa eigendur 28 lóða að sækja aðalfund til að unnt sé að taka lögmatar ákvarðanir.

Helstu verkefni síðasta starfsárs

Uppsetning og frágangur á símahliði inn á svæði 2 og 3 var eitt að meginverkefnum stjórnar á síðasta ári. Jón Steinar verktaki sá um vegaframkvæmdir og jarðvinnu sem hreppurinn kostaði en annar verktaki var fenginn til að grafa ídráttarrör til Árna í húsi 59 en þaðan fær hliðið straum. Hafþór lagði til frádráttarmæli og greiðir félagið rafmagnskostnað sem hliðið notar. Fyrsta árið eru það rétt um 300 kWh. Eftir að hliðið var frágengið og farið að virka fóru nokkrir félagsmenn í að setja upp girðingu frá gamla hliðinu inn á svæði 2 og alla leið upp í hornstaur við veginn inn í Svínadal. Keypt var girðingarefni fyrir um 75.000 krónur (ágiskun ssjo) en verktaki var fenginn til að grafa fyrir hornstaurum.

Í júlí í fyrra bárust tíðindi að steinbrjóti á ferð í sveitinni og var hann fenginn til að mylja efnið í veginum frá þjóðvegi og upp allt gilið. Hafþór kostaði yfirferð brjótsins frá nýja hliðinu og upp að sínu húsi (73) og síðan var ákveðið að láta brjótinn fara eina yfirferð um veginn inn svæði 2 og upp að pípuhliðinu inn á svæði 1. Sjá má í ársreikningi hvað þessi aðgerð kostaði en það var samdóma álit félagsmanna að vegirnir hafi batnað all verulega við þessa aðgerð, þótt ljóst sé að víða skortir efni í veginn.

Framkvæmdir vegna vatnsveitu urðu litar sem engar á síðasta starfsári. Verktaki var fenginn í mars á þessu ári til að grafa upp lögnina sunnan við hús #50 en þar reyndist lögnin í sundur og mikill leki. Talið er líklegt að frekari leki sé í grennd við lekastaðinn sem gert var við og verður það skoðað í sumar.

Brennan um verslunarmannahelgina var með örlítið öðru sniði en áður sökum Covid.

Vert er að minnast á að hreppurinn setti upp nýtt gámasvæði við gatnamótin þar sem unnt er að flokka sorp. Stjórn hafði ekki aðkomu að því máli en þessi aðstaða er til verulegra bóta fyrir eigendur húsa í Norðurnesi.

Verkefni framundan

Símahliðið á svæði hliðið á svæði 2 og 3 er nú fullfrágengið og ekki annað að heyra á sumarhúsaeigendum en að þeir séu almennt ánægðir með framkvæmdina. Næst á dagskrá er að setja niður hlið inn á svæði 1 en þegar hafa verið keyptar undirstöður og ljósastaur. Framundna er því að grafa fyrir raflögn og setja undirstöðurnar niður og fyrir liggur tilboð frá Securitas í hliðið sjálft og búnað sem því fylgir. Sami háttur verður hafður á og nýtt símanúmer sem þarf að hringja í til að opna hliðið á svæði 1.

Áfram verður unnið í að koma upp varanlegri vatnsveitu með tekur vatn úr Trönudalsá. Ósk um að skilgreina vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi í kringum vatnstökusvæðið í Trönudalsá er enn þá í vinnslu og ekki ljóst af hálfu hreppsins það er á forræði hreppsins að vinna þá vinnu eða hvort félagið þarf sjálft að greiða fyrir úttekt og skýrslugerð vegna breytinnar á aðalaskipulagi.

Stjórnina skipuðu:

- Árni R. Gíslason (nr. 59) - Formaður
- Sigurður Sveinn Jónsson (nr. 56) - Ritari
- Karl Arthursson (nr. 10) - Gjaldkeri
- Ragnheiður Gyða Magnúsdóttir (nr. 74) - Meðstjórnandi
- Jón B. Bjarnson (nr. 73) – Meðstjórnandi
- Benedikt Svavarsson (nr. 1) Varamaður

Skoðunarmenn reikninga: Björgvin Hauksson og Birna Björnsdóttir (nr. 33)